

# VÍSINDIN, TRÚIN OG FRAMTÍÐARHORFUR MANNKÝNSINS

## I

Í vísindasögu þeirri eftir Dampier, sem áður getur, er vel sagt frá hinum stórkostlegu framförum í eðlisfræði, efnafræði og stjörnufræði. En þar má einnig fá stórfróðlegar bendingar, og þó nokkurs annars eðlis, um það, hversu mjög er áfátt ennþá þekkingu mannkyns vors, og það einmitt í þeim efnunum, þar sem mest ríður á að framför geti orðið, ef takast á að bjarga mannkyni, sem helst virðist vera á feigðarbarmi.

Svo segir Dampier, s. 485—6: „Vísindin verða að játa hið sálfræðilega gildi trúarreynslunnar. Fyrir suma menn er hinn dulræni og beini skilningur(!) á Guði bersýnilega eins raunverulegur og meðvitund þeirra um (eigin) persónuleika, og skynjan þeirra á heiminum fyrir utan þá. Það er þessi tilfinning sambands við hið guðlega, ásamt þeirri lotning og dýrkun, sem af því rís, sem er efni trúarinnar — fyrir flesta menn aðeins augnabliks hrifning, en fyrir hinn heilaga mann er það reynsla, eins eðlileg, altæk og stöðug, og sjálft það að draga anda. Það er ekki nauðsynlegt(!) og í rauninni ómögulegt að skýra, hvað er átt við með orðinu „Guð“, og það er vissulega óþarf gagnvart þeim sem þekkja hann“(!).

## II

Þetta eru býsna eftirtektarverð orð. Þau eru eftir mann, sem tekið hefir doktorsstig í náttúruvísindum (D. Sc.: doctor of science), og er í hinu fræga, breska vísindafélagi (Fellow of the Royal Society, F. R. S.). Og þessi maður heldur, að það séu til heilagir menn, sem blátt áfram þekkja Guð og lifa í stöðugu sambandi við hann. Þess ber að gæta, að orðið

„Guð“ merkir þarna „hin æðsta vera“. Og má nú nærri geta, hvort ekki muni þeir menn, sem eru að leita þekkingar á heiminum og náttúrunni með vísindalegum aðferðum, þykja lítilsverðir hjá hinum, sem sakir náins og stöðugs sambands þekkja og skilja hina æðstu veru — ef vér eignum að trúa dr. Dampier og þeim mörgu, sem í þessu efni eru á sama máli og hann. En þó var þess konar trú miklu algengari áður, og mátti jafnvel, öld eftir öld, einvöld heita í kristnum síð. Og menn trúðu því jafnvel um eina bók, að Guð sjálfur hefði samið hana, en fært í letur heilagir menn, sem höfðu slíkt samband við Guð, sem áður getur. En ekki munu menn bera á móti því nú, að sumar afleiðingar þessarar trúar hafa verið hinar ferlegustu. Ég ætla hér aðeins að nefna galdrabrennurnar. Frá Ítalíu til Íslands var vitnað í orð Guðs í bíblíunni, þegar verið var, á hryllilegasta hátt, að lífláta fólk, sem menn héldu að fengist við galdrá. Nú hafði að vísu „Guð“ skipað svo fyrir, að vægðarlaust skyldi taka af lífi kvenfólk, sem fengist við galdrá, líklega ekki sjaldan þesskonar kvenfólk, sem í norrænni heiðni var kallað völur, og oft í hávegum haft. En menn hikuðu nú ekki við að láta þetta boðorð um miskunnarleysi ná einnig til karlmannanna. Og framfylgt var því af hinum mesta ákafa og svívirðilegustu grimmd, einkum eftir að Innócentius VIII. hafði í páfabréfi því, sem illräemdast mun vera, árið 1484 brýnt fyrir hinum kristnu þjóðum að afrækja ekki þetta boðorð Guðs. Og að vísu var það nú ekki einungis galdráfólk, sem brennt var, heldur einnig svonefndir villutrúarmenn; og þeirra á meðal sumir hinir mestu vitringar og ágætismenn, sem uppi hafa verið. Var þar enginn eins, enginn sem öllu mannkyni var til eins mikils ills, að þannig skyldi vera leikinn, og Giordano Brúnó, sem Clemens páfi VIII. lét brenda árið 1600. Encyclopaedia Britannica, hin mikla breska alfræði, segir um Clemens VIII., að hann hafi verið maður „guðhræddur og friðsamur að eðlisfari“. Sannleikurinn er sá, að Clemens þessi var mesti glæpamaður veraldarsögunnar. Ef ég man rétt, þá var það hinn frægi Bellarmín kardínáli (d. 1621), sem las upp brunadóminn yfir

Brúnó, og hefir þá líklega einnig átt þátt í að pynda hann áður (þó ekki með öðru en yfirheyrlum), eins og hann síðar tók þátt í hinni illu meðferð á Galileo. Um Bellarmín segir í hinni miklu alfræði, að ævi hans hafi verið fyirmynnd kristilegs dyggðalífs: „his life was a model of Christian virtue“. Frá hinu hræðilega brennumorði á Brúnó er þannig sagt (í kafla, þar sem verið er að telja það sem Clemens VIII. hafi haft til síns ágætis!): „The obstinate heretic and apostate Giordano Bruno was burnt in 1600: hinn þrjóskufulli trúvillingur og trúniðingur Giordano Bruno var brenndur árið 1600“.

Það er óhætt að segja, að sumt sem er eftir kabólska menn í þessu mikla og að mörgu leyti svo merka ritverki, E. Br., verður að lesa með mikilli varúð, eins og t. d. (auk þess sem áður er getið) það, að fjarstæða sé, að Innocentius VIII. hafi með bréfi sínu 1484 átt nokkurn þátt í að magna brennuæðið!).

Brennualdirnar eru einn allraljótasti kaflinn í helstefnusögu mannkyns vors. Og það var ótrúlegur fjöldi fólks, sem myrtur var á þennan hryllilega hátt. Dampier segir, að samkvæmt lægsta mati sé tala þeirra, sem brenndir voru í Evrópu á 200 árum, 750 000. Og flest hefir fólk þetta verið alsaklaust. Jesúmunkurinn Spee í Würzburg á Þýskalandi, sem á tæpum 2 árum fylgdi nálega 200 dauðadæmdum að bálkestinum, kvaðst vera sannfærður um, að allt þetta fólk hafi verið alsaklaust.

Pessi hryllilegi brennufaraldur virðist geta verið nokkur bending um, að það sé best að fara varlega í að trúá því, að nokkur maður hafi slíkt samband við Guð, að hann geti, svo að segja fært oss skilaboð um hvað sé hans vilji. Dampier segir, að enn á vorum dögum gjósi hér og hvar upp hatur gegn vísindunum, af trúarlegum ástæðum, og má af því sjá, að ennþá gætu verið hættur á ferðum, líks eðlis og áður. Og það er líklegt, að alltaf geti verið illra tíðinda von úr þessari átt, meðan menn hafa ekki skilið, að fullkomlega áreiðanleg vitneskja um æðri verur fæst ekki nema með vísindalegum aðferðum.

Dampier vitnar á s. 487 í bók eftir hinn fræga stærðfræðing og heimspeking Bertrand Russell lávarð. Bókin heitir „Mysticism and Logic: Dulfræði og rökfræði“. Er þar öllum trúarbrögðum hafnað og ekkert mark tekið á dulrænni reynslu. Þarf mikinn kjark til að rita í landi biskupanna, eins og þar er gert. Þar segir s. 47: „Maðurinn er afleiðing orsaka, sem vissu ekkert að hverju þær stefndu. Uppruni hans og þróun, vonir hans og ótti, ást og trú, allt er þetta einungis árangur af tilviljanlegri samhverfingu ódeila. Ekkert fjör, enginn hetjuskapur eða styrkur tilfinninga og hugsana getur afstýrt því, að lífi hvers einstaklings er með dauðanum fullkomlega lokið. Allt erfiði allra alda, allur áhugi, allur innblástur, öll hádegisbirta hinnar æðstu mannlegrar snilldar, allt er þetta dæmt til að slokkna, þegar sólhverfið líður undir lok. Musteri mannlegra afreka mun, án þess því geti orðið afstýrt, verða grafið undir rústum hrunins alheims.

Allt þetta er að vísu ekki hægt að staðhæfa með alveg fullkominni vissu; en það er þó svo nærrí því að vera alveg víst, að engin heimspeki getur staðist, sem vísar því frá sér“.

Ekki verður því móti mælt, að framtíðarhorfur lífsins væru ærið dauflegar, ef þessi „heimspeki“ hins mikla stærðfræðings væri rétt. Og hinn vitri Schopenhauer hefði þá rétt fyrir sér, þar sem hann segir, að „lífið sé það sem betur væri ekki“. Og eitthvað því líkt finnst öðrum víðfraégum stærðfræðing, prófessor Whitehead, sem segir svo í bók sinni *Science and the modern World* (Vísindin og nútíminn) 1927, s. 238 (Dampier, s. 487): „Hin trúarlega vitran er staðreynd, og hún er alltaf að ná til fleiri og fleiri. Þetta og ekkert annað gerir bjartsýni mögulega. Án þess er lífnautnin eins og glampi, sem við og við bregður yfir öræfi þjáninga og eymdar, lítilfjörleg, hverful reynsla“.

Ekki get ég hrósað því, hvernig þessir miklu stærðfræðingar skrifa, annar trúmaður, hinn algerlega vantrúaður. Og virðist mér þessi fjarvera ritlistar, undireins geta verið nokkur bending um, að heimspeki þeirra muni einnig vera fremur lítilfjörleg. Því að það er mikill misskilningur, þó að hann

virðist vera ekki óalgengur, að það sem er mjög vanhugsað, geti verið snilldarvel skrifað; og eins á hinn veginn.

Þessi trú á að menn geti fyrir reynslu slíka sem þeir minnast á, Dampier og Whitehead, öðlast þekkingu, þ. e. áreiðanlega vitneskju um hin æðstu efni, án þess að þar þurfi að koma nokkur skynsemi til, er mjög hættuleg, og einmitt eitt af einkennum helstefnunnar. Eða halda menn ekki, að mikil trúarreynsla hafi verið til hjá Karthagóborgarmönnum, þar sem milljónum ungbarna var kastað í eld í guðsdýrkunar skyni. Eða svo ég taki dæmi, sem nær oss er. Einvaldanum Franco á Spáni hefir verið brugðið mjög um miskunnarleysi gagnvart þeim, sem ekki eru honum fylgjandi í stjórnámum. En getur nokkur efast um, að Franco sé einlægur trúmaður? Þess var getið í blöðum, að þeir hefðu fundist, einvaldurinn og æðsti biskup kirkjunnar á Spáni, en þó þannig, að biskupinn lét Franco bíða eftir sér hálfu stund; og ef einhver heldur, að hinn drambsami þjóðhöfðingi hafi veitt kirkjunnar manni harðar átölur fyrir að láta sig, Franco, bíða, þá skjálast honum mjög. Þegar biskupinn loksns kom, féll einvaldurinn á kné og kyssti á hönd honum! Þarf ekki að efa afl eða einlægni þeirrar trúarsannfæringar, sem gat fengið einvaldann til að brjóta þannig odd af oflæti sínu. Hitt virðist meiri ástæða til að efast um, að kirkjuhöfðinginn hafi notað þetta vald sitt yfir einvaldanum, til að koma í veg fyrir grimmdarverk.

### III

ENN MÆTTI BÆTA VIÐ TILVITNUN Í HINA MERKU VÍSINDASÖGU, sem greitt getur fyrir um skilning á því, hvert er það svæði, sem hin mesta þörf er á, að nýtt ljós geti skinnið yfir, og það einmitt þetta ljós frá Íslandi, sem hinn ágæti Skoti Adam Rutherford hefir svo nefnt, og spáð svo stórkostlega fyrir. En svo segir Dampier á s. 511 sinnar ágætu bókar: „Við og við hefir verið rætt um möguleika lífs á öðrum jarðstjörnum; en það verður sama sem athugun á því, hver skilyrði muni vera til lífs á öðrum reikistjörnum sólhverfis vors“.

Umræður um möguleika til lífs á öðrum jarðstjörnum

alheimsins koma ekki til greina! Sú nýjung í vísindum, sem svo býsna mikil er þörfin á, og komin er upp hér á Íslandi er nú einmitt fólgin í hinum glögga skilningi á því, að leið er til að komast að vitneskju um, að líf er til á öðrum jarðstjörnum alheimsins, og rannsaka það. Og þó raunar heldur tvær leiðir en ein. Og þessi uppgötvun er þannig vaxin, að koma mun í ljós, þegar henni er nægilega gaumur gefinn, að hún verður ekki vífengd.

Það er skilningurinn á eðli draumlífssins, sem kemur með ljósið. Þegar draumgjafinn er uppgötvaður, þá er endir gerður á svo mjög miklu af því, sem talið hefir verið yfirnáttúrlegt og óskiljanlegt, og ríki náttúrufræðinnar fært út á stórkostlegasta hátt. Þá hætta miðlifyrirburðirnir að vera dularfullir. Þegar athugað er nóg vandlega það sem draumgjafi segir fyrir munn einhvers, sem er í miðilsástandi — þ. e. sofandi þannig, að hann getur talað uppúr svefninum og vaknar ekki þó að hann sé spurður — þá kemur í ljós að verið er að lýsa lífi á öðrum jarðstjörnum, og slíkum sem áreiðanlega eru ekki í voru sólhverfi. Þó að svo líti út sem vér séum á miðilfundi að tala við sofandi persónu, þá er það í raun réttri íbúi annarrar jarðstjörnu, sem vér erum að tala við, einhvern sem komist hefir í samband við hinn svonefnda miðil, þegar hann sofnaði, líkt og vér öll fáum samband við einhvern íbúa annarrar stjörnu, í hvert skipti sem vér sofnum. En ef fullt gagn á að hafa af þessu samtalí við sofandi mann, sem ekki vaknar þótt hann sé spurður, og talað getur uppúr svefninum, þá verðum vér að þekkja og færa oss í nyt stillilögþálið. En það hefir lítt verið gert ennþá. Það er býsna eftirtektarvert, að þótt spíritisminn, eins og hann átti upptök sín í Hydesville í Bandaríkjunum, sé orðinn rúmlega 99 ára gamall, þá hafa spiritistar ekki uppgötvað stillilögþálið. En sá fróðleikur, sem fyrir hendi er, og fenginn með því að færa sér í nyt miðilshæfileika, nægir þó til þess, að vér getum haft vísindalega, náttúrufræðilega vitneskju um það, að þeir sem deyja hér á jörðu, fá nýjan líkama á einhverri annarri jarðstjörnu, og halda þar áfram lífi sínu. Hið yfirnáttúrlega er í þessu efni úr sögunni. Anda-

heimurinn er úr sögunni; en líffræðin hefir verið færð út til stjarnanna.

Sá, sem draumgjafasamband fæst við, er ekki alltaf einhver framliðinn af þessari jörð. Þessi trú á guðsamband, sem Dampier segir frá, og telur uppsprettu trúarinnar, er ekki alveg ástæðulaus, þó að sambandið sé ekki við hina æðstu veru, sé fjarri því að geta veitt fullkomna þekkingu og skilning á sambandsverunum, og sé líka mjög fjarri því að vera svo stöðugt og vanalegt, að því megi líkja við andardráttinn. Heimspekingurinn Plótinus, einn hinn vitrasti maður, mun vera sá, sem á fróðlegastan hátt hefir sagt frá slíku sambandi, og segir vitringurinn Porfyrius svo frá, að meistarinn hafi aðeins fengið að reyna þetta samband 4 sinnum, þau 6 ár, sem hann var við nám hjá honum. Og mjög líklegt er, að sambandsvera þessi hafi verið svo merkilegs eðlis, að egyptiski hofgoðinn hafi haft rétt fyrir sér, er hann kallaði veru þessa guð. Og gæti það þá hafa verið einn af þessum óæðri guðum, sem Platón segir svo fróðlega, að hinn æðsti höfuðsmiður sköpunarverksins hafi fengið bústaði á stjörnum, og það hlutverk að skapa hið óæðra líf, sem háð er dauðanum, en á þó að geta þróast svo, að það sigri dauðann og alla ófullkomnun. Og víst tel ég það, að þessi sambandsvera þessa ágæta snillings heimspeikinnar, sem Plótín var, hafi átt heima á einhverri jarðstjörnu. Það kemur svo greinilega í ljós, að þegar Plótín er að skrifa um það sem hann kallar hinn hugsaða, eða öllu heldur hugséða heim, þá er það sem hann lýsir á svo aðdáanlega fróðlegan hátt, hið sama sem spíritistar nefna andaheim, og er í raun réttri líf á miklu fullkomnari jarðstjörnu en vor jörð er.

Þessi vitneskja um samband vort hér á jörðu við aðrar lífstjörnur, mun reynast hafa hina mestu þýðingu, eigi einungis fyrir skilning vorn á veraldarsögunni, heldur einnig, og enn þá fremur, fyrir sjálfa framtíð mannkyns vors. Því að án slíkrar vitneskju, án þekkingar á því, hvernig koma á því sambandi í rétt horf, getur ekki hér á jörðu orðið sú stefnubreyting, sem nauðsynleg er, ef takast að að forða mannkyninu frá glötun.

#### IV

Hér er best að ég reyni til að skýra nokkru nánar en ég hefi áður gert, sumt í alheimsþiffræði, sem mjög áríðandi er að vita. Kenningin um hinar tvær stefnur nær til lífsins í alheimi, og aðalmunurinn er fljótsagður. Þar sem verið er á hinni góðu leið, ná lifendur sífellt fullkomnara sambandi við lengra komnar lífverur (og loks við uppsprettu alls hins góða) eftir því sem þeir komast lengra í að vera meðlifendum sínum til góðs, en aldrei til ills. En þar sem hin illa stefna ræður, magnast lifendur á því að leggja undir sig lífsorku annarra og komast í því efni lengra og lengra. Skemmtanir þeirra snúast allar um það, að kvelja meðlifendur sína. Verða þeir mestir höfðingjar í slíkum stöðum, sem hugvits-samastir eru í að gera öðrum illt og miskunnarlausastir. Skemmtanir þykja því betri, sem kvalir hinna þjáðu eru meiri, enda gengur kvölurunum því betur að ná til sín lífsorku hinna þjáðu, því meiri sem kvalir þeirra eru. Það er greinilega í þá átt, hér á jörðu, þegar t. d. Clemens VIII. situr í gullnu hásæti, umkringdur af ýmsum hinum mestu höfðingjum, veraldlegum og kirkjulegum, og lítur á það sem sérstaklega góða skemmtun, að sjá Brúnó brenndan.

Merkilegur grunur um hinar tvær stefnur kemur fram í átrúnaði hinna heiðnu forfeðra vorra, eftir því sem Snorra segist frá í Eddu sinni. Þórr og Mánagarmur eru hinar mestu andstæður. Megingjarðir Þórs tákna orkusamband það, sem komið var á milli Ása, þannig, að hjá þeim gat einn orðið öllum að liði, og allir einum. Hinsvegar er svo hin illa vera Mánagarmr, sem „fyllisk með fjörvi allra þeirra manna er deyja“.

Sá galli er á, í augum þeirra, sem höfðingjar eru í hel-stefnuríkjum framlífsjarðanna, að hinir þjáðu, sem þessar illu verur bókstaflega lifa á að kvelja, geta dáið burt frá kvölunum. Mjög mikil stund er á það lögð í hinum góðu stöðum að reyna að bjarga burt þeim, sem svo illa ævi eiga í helstefnuríkjunum. Og það tekst, þegar sú hugarfarsbreyting er á orðin, sem nauðsynleg er til þeirrar samstillingar, sem ekki verður án verið, ef hjálpinni á að verða komið fram

(sbr. hina stórfróðlegu sögu Frímanns, í Sannýal). Í Vítunum — eins og rétt er að kalla hina illu staði — mundi því fækka og verða auðn, ef ekki væri innflutningur fólks. Því að í slíkum stöðum fæðist enginn. Og má nú nærri geta, hvort þeir sem í slíkum stöðum eru ráðandi, muni ekki hafa hug á því, að sá innflutningur verði þar sem mestur. Allt er í hinum illu stöðum fullt af ýmiskonar dulrænu, og þeir sem þar eru mestir, hafa mikla dulræna hæfileika. Fjarskynjun hafa þeir t. d. á háu stigi, og þeir litast mjög um á frumlífsjörðunum og ýta sem mest þeir geta undir það, að menn breyti þar sem mest á þá leið, sem miðar til þess, að þegar þeir líkamast aftur eftir dauðann, þá verði það í hinum illu stöðum. Er hér um mjög þýðingarmikla sambandsfræði að ræða, og auðskilið, að mikið liggar þar við, að sambandið sé sem minnst við hina illu staði og þá sem þar eru. En hættur af þeirri tegund eru alltaf miklar þar sem um helstefnumannkyn er að ræða, og sú hættan þó allramest, að svo illa geti vegnað, að alls ekki verði unnt að hverfa frá helstefnunni. Og það er einmitt þessi mesta hætta, sem nú vofir yfir mannkyni jarðar vorrar. Eru hinár tvær heimsstyrjaldir mjög íhugunarverð bending í þessu efni, og getur þó enginn efast um, að stefnt er til hinnar þriðju, sem ógurlegust mundi verða, og ef til vill endi gera á síðustu möguleikunum til þess, að hér á jörðu verði komist á braut hins sigursæla lífs. Um það fullyrði ég þó ekki; aðeins það má segja með fullkominni vissu — og það er einskis hlutverk fremur en jarðsögufræðings að átta sig á slíku — að líftekundin „maður“ er á veginum til glötunar; en ekki hitt, hvort það verður eftir 3., 4. eða jafnvel 5. heimsstyrjöld, sem ekki verður rétt við aftur. En glæpirnir og slysin segja nokkuð til um það, hvort sambandið við hina illu staði er meira eða minna. Og það er víst óhætt að segja, að glæpasaga þessara síðustu ára er tiltakanlega ljót, ljótari jafnvel en nokkrum mun, t. d. um aldamótin síðustu, hafa til hugar komið að orði gæti. Vandinn á leið hinnar miklu stefnubreytingar er býsna illur viðureignar. Heppilegast væri, að hinir miklu menn þjóðfélaganna hugsuðu þær upphafshugsanir, sem

nauðsynlegar eru í þessu efni. En ef vér gætum vel að, verður augljóst, að rangt væri að ætlast til þess, að frumhugsanir þær, sem ekki verður án verið, kæmu úr þeirri átt. Engir menn eru líkt því eins dáðir og áhrifamiklir og hinir sigursælu hershofðingjar heimsstyrjaldar. Og skal það síst í efa dregið, að þeir eru framúrskarandi hæfileikamenn. En það er í augum uppi, að það sem frá þeim má vænta sér, eru umbætur í hernaðaraðferðum, sem að miklum notum mundu koma í næstu heimsstyrjöld. Og að því er stjórn-málamennina snertir, þá eiga þeir svo annríkt við stjórn-mál-in, innan landa og alþjóðleg, að það væru rangindi, að krefjast þess af þeim, að þeir tækju sér tíma til að leita viskunnar í sambandi við efni, sem jafnvel ekki yrði séð að neina þýðingu hefðu fyrir hagi einstakra þjóða eða alls mannkynsins. Að vísu má nefna Jan Smuts, sem er heims-frægur hershofðingi og stjórn-málamaður, en einnig náttúrufræðingur og heimspekingur í hjáverkum. Og verður hann ekki talinn mikill heimspekingur í samanburði við t. d. Schopenhauer eða Herbert Spencer, sem ekki gnæfðu hátt í sínum þjóðfélögum, en vörðu ævi sinni eingöngu til að leita viskunnar, með þeim árangri, sem að vísu hefir haft nokkra þýðingu fyrir allt mannkyn. Hjá helstefnumannkyni verður enginn sa mikilmenni í augum sinnar samtíðar, sem er þannig innrættur, að hann ver ævi sinni fyrst og fremst til að leita þekkingar og visku, án mikils tillits til þess, hvað hagnýtt kann að virðast í svipinn. En seinni tímar hafa oft lagt nokkra rækt við minningu slíkra viskuleitenda, og talið þá með nokkrum hætti mikla menn.

## V

Erfiðleikarnir á leið aldaskiptanna mestu margfaldast þó, ef sa sem hugsar hinur fyrstu lífstefnuhugsanir, er ekki einu sinni stórbjóðarmaður, heldur kemur fram hjá þjóð, sem er ekki einungis smáþjóð, heldur ein af þeim allrasmæstu. Þar verða erfíðleikarnir svo miklir, og tvísýnan, að jafnvel þeir á himnum geta, fram til síðustu stundar, verið í nokkrum vafa um, hvor sigra muni í viðureigninni á þeim stað, Guð

eða andskotinn. Og er rétt að komast þannig að orði. Því að það er hin guðlega viðleitni, að leiða lífið fram til sigurs og vaxandi fullkomnunnar. En hin djöfullega viðleitni er að draga lífið fram til dauða, og ekki einungis það, heldur vaxandi þjáningar. Og virðist mér gegna furðu nokkurri, að heimspekingarnir skuli ekki fyrir löngu hafa áttað sig á því, að það er stefna hinnar vaxandi þjáningar, sem ráðið hefir hér á jörðu, svo augljóst sem það er, að mannleg þjáning er meiri en nokkur önnur. En líf hafði verið til hér á jörðu í svo sem 1000 milljónir ára, áður en mannleg þjáning varð til. En að einnig mannleg þjáning hefir farið vaxandi, hefir að vísu aldrei verið eins augljóst og á þessum síðustu tímum.

En ef upphafsaldaskiptahugsanir koma fram á mjög erfidum stað, þá má gera ráð fyrir því, að leitast verði því fremur við, frá æðri stöðum, að leggja þeim málstað lið. Og frá því sjónarmiði verður að líta á framkomu hins ágæta skotska spámanns gagnvart oss Íslendingum. Ljósið frá Íslandi, sem spámaðurinn talar um, er birtan sem héðan leggur yfir leiðina til lífsins, á þann hátt sem ekki hefir verið áður. Og það ríður á að sú leiðarvísan sé þegin. Þar liggur oss allt við. En mikill misskilningur væri það að halda, að ég sé að biðja um að færa nokkrar fórnir míni vegna. Fólkið verður sjálfssín vegna að læra að meta sannleikann um hin æðstu efni, nokkru meira en hingað til hefir verið. Íslenska þjóðin verður að átta sig á hlutverki sínu, og það verður mun auðveldara ef litið er af nægum skilningi á íslenska fortíð. Sú var tíðin, að hvergi á Norðurlöndum skein ljós andans eins bjart og hér á Íslandi. Menn reyni að hugsa sér, hversu miklu myrkara mundi nú vera yfir hinni merkilegu sögu Norðurlandapjóðanna, ef það ljós hefði ekki skinið. Og þegar talað er um íslenskan útflutning fyrr á tímum, þá verður að muna, að það sem Íslendingar fluttu út, var ekki einungis vaðmál og vararfeldir, heldur einnig vit og snilld.

En þó að ég biðji engan að færa neinar fórnir míni vegna, þá má hinsvegar ekki láta sér koma til hugar að taka undir neina viðleitni til að hindra, að ég geti komið fram verki mínu. En slík viðleitni hefir lengi verið frammi höfð, og á

þann hátt, að mjög erfitt hefir verið fyrir mig til varna. Það hefir jafnvel verið reynt að koma á mig því orði, að ég væri vitskertur, og hefði haft ójöfnuð í frammi við mikilsmetinn auðugan útlending, sem hér hefir lengi dvalið. Að leggja trúnað á slíkt, er, í fyllstu merkingu orðsins, að skemmta skrattanum. Og sú skemmtun er, eins og nú stendur á, alveg sérstaklega hættuleg. Það er furðuleg grunnhyggni að ímynda sér, að maður sem væri brjálaður, gæti gert slíkar rannsóknir sem ég hefi gert, og skrifað eins. Og það er alveg sérstaklega skaðlegt fyrir vitring og vísindamann, og þá sem verk hans gæti orðið að liði, ef hægt er að fá menn til að trúá því, að þessi maður sé nú einmitt ekki vitringur, heldur vitfirringur. M. a. af því, að menn eiga þá svo mjög á hættu að lesa eins og vitfirringar það sem menn halda að sé eftir vitfirring. Menn geta verið vissir um, að ég læt mér alveg sérstaklega annt um að segja ekki, að ég viti annað en það, sem ég í sannleika veit. Og jafnvel þó að ég segði, að ég hefði fulla vissu fyrir því, að einhver væri á lífi, sem menn héldu dauðan, þá mundu menn gera sjálfum sér skaða með því að halda, að ekki væri mark takandi á þeim orðum mínum.

## VI

Það væri rangt að láta þess með öllu ógetið, að verk hins skotska spámanns hefir mætt nokkrum, og að vísu merkilegum undirteknum hér á landi. Vil ég þar nefna rit Jónasar Guðmundssonar skrifstofustjóra, sem mikill gáfumaður er, um sum fræði Rutherford; er þar bæði um bækur að ræða og útgáfu glæsilegs tímarits, þar sem ekki spillir, að eins merkur fræðimaður og ritsnillingur og Árni Óla er með í verki. En nokkurs skorts kennir í þessum ritum á íslenskri forustuhugsun; og án hennar verður ekki verið, ef hinn nauðsynlegi sigur á að vinnast. Ég tel það áreiðanlegt t. d. að Íslendingar eru ekki af semítískum ættstofni. Semitar hafa verið hinar mestu trúarþjóðir jarðarinnar, Gyðingar, Arabar og Fönikíumenn, sem mestum broska náðu í Karthagóborg, þar sem hættur þær, sem leitt getur af hinu trúarlega hugarfari, komu í ljós á hryllilegri hátt en hjá

nokkurri annarri þjóð, eins og áður hefir verið á vikið. En Íslendingar hafa nú einmitt haft það til síns ágætis, að vera allra þjóða minnstir trútmenn. Og ef svo hefði ekki verið, þá ættum vér enga Heimskringlu og engar Eddur. Og það eru jafnvel hreint ekki litlar líkur til, að íslenskt tungumál og þjóðerni væri þá löngu undir lok liðið. Og í samband við hina tiltölulega litlu trúhneigð Íslendinga verður að setja það, að þótt enganveginn hafi vel verið í þeim efnunum, þá hefir þó grimmd ekki komist á alveg eins svívirðilega hátt stig hér á Íslandi, eins og hjá flestum eða líklega jafnvel öllum þjóðum öðrum.